

Dags. fundar: 27. apríl 2011	Tími: 17:15	Nr. fundar: 9
Fundarboðari: Dags. samþ. á síðasta fundi.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Sundlaugin Laugardal

Efni fundar:

1. *Mót erlendis.*
2. *Dómaranámskeið.*
 - a. *Sauðárkrókur.*
 - b. *Neskaupsstaður.*
3. *Uppfærsla dómaraalista á heimasíðu.*
4. *Mót framundan.*
5. *Önnur mál*

Viðstaddir: Ólafur Baldursson, Svanhvít G. Jóhannsdóttir, Björn Valdimarsson og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Boðuð forföll: Steinunn R. Einarsdóttir.

Fjarverandi en boðaðir: Gunnlaugur Þráinsson.

Dagskrá:

1. Ólafur Baldursson og Gústaf Adolf Hjaltason fara á Smáþjóðaleikana sem haldnir verða í **Liechtenstein í lok maí. Eru mál dómara á önnur sundmót erlendis í vinnslu með SSÍ en dómara nefnd myndi leggja áherslu á að íslenskir dómara r kæmst til starfa á HM og Evrópumótum til undirbúnings fyrir stærri mót s.s. Olympíuleika.**
2. **a.**
Ólafur Baldursson mun halda dómara námskeið á Sauðárkróki föstudaginn 29. apríl. Mikill áhugi er fyrir námskeiðinu og eru 12 manns skráðir á það frá Blönduósi og Sauðárkróki. Verklegi hluti námskeiðsins fer fram á Kiwanis móti á Sauðárkróki laugardaginn 30. apríl. Verða namar einnig hvattir til að dæma á AMÍ sem fer fram á Akureyri 23.-26. júní n.k.

b.

Ólafur Baldursson mun einnig halda dómaraámskeið á Neskupsstað helgina eftir en mikill áhugi er þar. ÚÍA mun halda Unglingamót UMFÍ um verslunarmannahelgina og er undirbúningur þess móts í fullum gangi. Dómaraámskeiðið er hluti af þeim undirbúningi.

Lagt er til að Björn Valdimarsson útvegi nýja reglugerð sem komin er vegna fatlaðra og glærur sem Kristín Guðmundsdóttir hjá Fjölni hefur notað til kynningar á fötlunarflokkum o.fl. Þær glærur séu tilvaldar með kennslufni því sem nú þegar er notað á dómaraámskeiðum.

3. Lagt er til að listi yfir dómara á heimasíðu SSÍ sé uppfærður a.m.k. tvisvar á ári, að hausti og í byrjun nýs almanaksárs.
4. Mörg sundmót eru framundan og helgina 6.-8. maí er gert ráð fyrir þremur mótum, IMOC, keppni í 5 km sundi á vegum Sundíþróttanefndar SSÍ og Vormóti Aspar.
5. Sundþing LEN fer fram í Reykjavík 14. maí n.k. og mun Ólafur setja sig í samband við Guðmund Harðarson fulltrúa SSÍ í tækninefnd LEN varðandi stöðu íslenskra dómara á erlendum mótum.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Dómaraámskeið	ÓB	Næstu helgar

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið: kl. 18:30.

Næsti fundur: Miðvikudaginn 25. maí kl. 17.15 í Sundlauginni Laugardal.